

Jákvæð áhrif opinna samskipta

Opna hvað? Mig? Hver er það?

Á góðum degi erum við öll sammála um að það sé réttur okkar að segja það sem okkur finnst. Sýna okkar rétta andlit. Eða, eins og móðir mín kenndi mér, að segja bara alveg eins og er. Opin samskipti eru dæmi um eitthvað sem við vitum að er jákvætt í eðli sínu. Við kennum þau við lýðræði, heiðarleika, miðlun, hlustun, gagnkvæma virðingu, jafnvel sannleikann sjálfan. Og það er gott. Gott að búa í samfélagi sem viðurkennir gildi opinna samskipta og vill efla þau, okkur öllum til framdráttar.

Við þekkjum ótal dæmi um hið gagnstæða; þar sem samfélög voru keyrð áfram í þrúgandi þögn, skoðanaskipti urðu að lúta lögmálum valdhafa og allar tilraunir til opinna samskipta voru í besta falli litnar hornauga en voru í mörgum tilvikum vís leið til fangelsunar og útskúfunar. *Voru*, sagði ég, af því að eins og við öll vitum hefur slíkum samfélögum fækkað verulega, bæði eftir að múrinn féll, fyrir rúmum 15 árum og ekki síður fyrir djarflega framgöngu hinnar réttisýnu og roggnu lögreglu vestursins, sem má ekkert bælt sjá, án þess að kalla til hinar staðfastari þjóðir sér til aðstoðar við að brjóta alla samskiptakúgun á bak aftur í þeim tilgangi að byggja upp opin og frjáls samskipti frjálsra þegna sem ráða sér fyrir vikið ekki - fyrir kæti.

Nú geta Afganar og Írakar þyrpst út á götur og torg, frjálsari en nokkru sinni fyrr og átt þar opin samskipti að hætti okkar Vesturlandabúa, skipst á skoðunum, tjáð sig, opnað sig, sagt eins og er, látið allt flakka, alveg eins og við. Og við samfögnum þeim og öðrum sem þannig komast í hóp hinna frjálsu og opnu, hóp okkar sem þurfum ekki að efast eitt andartak um frelsi okkar til að segja bara alveg eins og er.

Mér er það minnisstætt þegar ég fór í mitt fyrsta og eina skipti til Austur-Berlínar. Það var árið 1988, einu og hálfu ári áður en allar gáttir opnuðust. Ég þvældist þarna um í einn dag með félögum mínum frá akademíunni í Hollandi og hafði svolitlar áhyggjur af fólkinu, hvað það var bælt. Hvað það mátti ekkert segja. Samt gerðist það nú einhvern veginn að við fórum að spjalla við unga menn sem urðu á vegi okkar og það kom í ljós að þeir höfðu þrátt fyrir allt skoðanir á ýmsu og vildu ræða málin. Það voru kannski ekki hápólítískar umræður, en áhugaverðar engu að síður. Einn drengurinn sagðist hafa velt því töluvert fyrir sér hvernig á því stæði að hann virtist upplifa stjórn málaástandið allt öðru vísi en foreldrar hans, hvort það gæti verið að þau væru ennþá að upplifa eitthvað sem í raun hefði breyst og þau neituðu að aðlagast? Og félagi hans tók undir þetta og fullyrti að hann bæri ábyrgð á því hvað hann gerði úr sínu lífi, hvað svo sem foreldrar hans segðu um valdið og ofurmátt þess. Það leyndi sér ekki að hann hafði átt langt spjall við foreldra sína og aðra um þessi mál. Ég giska á að þessir strákar hafi verið 14 ára.

Þremur árum síðar var ég staddur heima á Íslandi og var boðið í heimsókn í ónefndan listaskóla. Ónefndan, segi ég eins og það komi margir til greina... Nema hvað, ég mætti þar í þeim tilgangi að segja frá myndlistinni minni. Ég spjallaði vítt og breytt um hugmyndir mínar og lagði mig fram við að tala þannig að nóg væri eftir af óþekktum stærðum og lausum endum að hnýta eða rekja upp. Þegar ég lauk máli mínu bað ég fólk endilega að spyrja eða segja eitthvað um það sem komið hefði fram, nú eða tjá sig um eitthvað allt annað.

Enginn sagði orð. Kennari kom með málamyndaspurningu sem ég svaraði með smá vangaveltum og endaði á spurningu sem enginn gerði tilraun til að svara. Þá tók ég það til bragðs að spyrja beint, eins og aðkomumaður að spyrja almæltra tíðinda. Spurði um afmörkuð málefni. Persónulegar upplifanir. Skoðanir. Og ég fékk einhver hálfbökuð svör og kannski einhver raunveruleg viðbrögð frá einum eða tveimur... en eftir stóð að hér urðu lítil sem engin samskipti. Þrátt fyrir frelsið. Þrátt fyrir

leyfið til að láta allt vaða, segja sannleikann, tjá sig, opna sig, takast á. Þrátt fyrir allt, höfðu tveir 14 ára drengir í hinni skoðanakúguðu Berlín haft sig meira í frammi og tjáð frjálshuga en þrjátíu listnemar á Íslandi megnuðu að gera til samans.

Það má auðvitað segja sem svo að þetta séu ekki sambærileg dæmi, listnemarnir feimnir við listamanninn og hvorn annan, listamaðurinn kannski of háfleygur og svo framvegis. Og Berlínardrengirnir hungraðir eftir útlendingum að tala við, iðandi í skinninu að tala um það sem á þeim brann... það var ekki við öðru að búast.

En... ég myndi ekki vera að taka þessi dæmi nema vegna þess að ég veit að þau eiga sér ekki svo einfaldar skýringar að hægt sé að snúa sig út úr þeim með auðveldu hætti. Þau minna okkur nefnilega á að skoðanakúgun og skert tjáningarfrelsi er ekki sjálfkrafa ávísun á meðvitundarleysi og þögn þeirra sem við slíkt ástand búa. Rétt eins og þau minna okkur á að það ástand sem við kennum við skoðanafrelsi og opin samskipti er ekki endilega ávísun á raunverulega tjáningu og virkni.

Það er nefnilega eitt smáatriði sem er forsenda samskipta og tjáningar hjá öllum mönnum, hvað sem líður samfélagsgerð, hefðum eða stjórn málaástandi. Nokkuð sem að mínu mati vegur þyngra en nokkuð það sem við teljum að ákvarði samskipti manna. Eigum við að kalla það ... sjálfsþekkingu? Eða hvað er það "þetta" sem er svona mikilvægt að við getum tjáð? Hvað er það sem ég vildi sagt hafa? Hver er að tala? Hver er þessi ég? Opna mig um hvað? Mig hvern?

Hvað finnst þér? Segjum við gjarnan. Hvaða hvað, finnst mér?

Og hver er þessi mér? Ég? Hver er það?

Opnaðu þig! Segjum við líka. Opna hvað? Mig? Hver er það?

Og hvernig opnast maður?

Segðu eins og er! Heyrist líka. Eins og er? Er hvað? Hvað er er? Og eins og hvað er það?

Ég veit ekki hvernig Berlínarstrákarnir voru aldir upp eða hvernig menntakerfi þeirra var. Hef þess vegna enga haldbæra

skýringu á því hvers vegna þeir áttu svo auðvelt með að halda uppi samræðum um það sem þeim lá á hjarta, það sem þeir vildu halda til haga þá stundina. Ég veit hins vegar að þegar ég var að alast upp í þessu landi var ég spurður oft en tölu verður á komið hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór. “Hvað ætlar þú að verða?” Ég minnst þess ekki að ég væri spurður hver ég væri. Ég er eiginlega viss um að hefði einhver undið sér að mér á unglingsárum og spurt “hver ertu, í raun og veru?” hefði ég hringt á lögregluna. Ég kann ekki að svara svona spurningu. Hún er asnaleg. Hver er ég? Þess í stað er ég alveg til í að svara því hvaðan ég kem, hvað ég geri, hverra manna ég sé, hvaða menntun ég hafi, hvort ég sé ekki hress, hvort ekki sé allt gott að fréttu, hvort ekki sé brjáláð að gera, hvert ég ætli að fara í sumarleyfinu, hvort ég sé búinn að skuldbreyta, hvernig mér lítist á öll þessi skattsvik, hvað sé verið að gera, hvert sé verið að fara og hvort ekki sé bara allt í þessu fína?

Já, þvílíkur munur að geta tekið þátt í öllum þessum opnu samskiptum...

Getur verið að okkur hafi yfirsést eitthvað í uppeldis- og skólakerfinu á okkar ofurfriðsni og forríku eyju? Getur verið að við höfum vanið okkur á að gera það ýmist að þegja þunnu hljóði, eins og hinir ágætu listnemar hér um árið, eða tala í sífellu um allt og ekkert, eins og við gerum flest með raun og sann, vegna þess að við kunnum ekki annað? Vegna þess að við höfum aldrei fengið neins konar þjálfun í því að bera kennsl á okkar eigin rödd? Okkar eigin frjóa jarðveg? Eða hvað margir hér inni hafa vanist á að svara spurningunni “Hver ert þú?” öðru vísi en með því að lýsa umgjörð, athöfnum og aðstæðum, hafi menn á annað borð fengið slíka spurningu? Kjósum við ekki fremur að lýsa mynd af okkur fremur en gera tilraun til að nálgast kjarna okkar, sammannlega vitund eða eiginlegustu lífssýn í þessum margrómuðu opnu samskiptum sem hér eru til umræðu?

Og ef það er sannleikskorn í því að við kunnum ekki á okkur, þekkjum okkur ekki, treystum ekki eigin rödd, ef við á annað borð heyrum hana, hver er þá ástæðan?

Hér er ein tilgáta:

Við eigum það sameiginlegt að hafa verið skilgreind út frá skorti, frá og með augnablikinu sem við gáfum okkur skólakerfinu á vald. Okkur var kennt að staðurinn sem við værum á væri ekki staðurinn sem við vildum vera á. Okkar markmið væri að stefna að því að komast upp í næsta bekk eða gegnum næsta áfanga og til þess þurftum við að bæta úr þeim skorti sem hrjáði okkur, og læra allt það sem við ekki vissum, í þeim tilgangi að komast í gegnum næsta próf og þangað sem við stefndum. En þegar við komum þangað beið okkar enn viðameira og mikilvægara námsefni sem þurfti að tileinka sér svo hægt yrði að komast ennþá lengra. Við erum, m.ö.o. vanin á það frá unga aldri að vera aldrei nóg, aldrei á réttum stað, aldrei alveg marktæk stærð. Og þessu linnir í raun aldrei. Þegar skólakerfinu sleppir taka fjölmiðlar við og minna okkur á, frá morgni og fram á rauðanótt, að allt sem frétt næmt getur talist í þessum heimi gerist annars staðar en þar sem við erum þá stundina. En við erum heppin, þannig að við getum bætt úr skorti okkar með því að fylgjast með fjölmiðlunum, sem miðla okkur því sem við misstum af meðan við vorum að gera eitthvað allt annað en er í umræðunni, telst til tíðinda, eða er að gerast. Þarna úti. Ekki hérna hjá okkur. Það gerist ekkert frétt næmt hjá mér. Ekki fremur en á meðan ég sat á skólabeck í þeim tilgangi að læra um allt það sem gerst hafði áður en ég kom í skólann og reyndar líka það sem var að gerast á meðan ég sat þar. Skólinn gaf mér aldrei þá tilfinningu að ég væri gerandi í þessum heimi. Eða að ég væri eitthvað sem mark væri á takandi.

Minn tími hefur aldrei komið. Ég hef aldrei alveg framkallast. Ég þarf fyrst að klára þetta, læra hitt, standast þetta, eignast svona, kannast við þetta, tileinka mér svona og kynnast þessu, áður en ég verð tilbúinn.

Það er því kannski engin furða að nemendunum í listaskólanum hafi vafist tunga um tönn þegar ég spurði þá jafn persónulegra spurninga og ég gerði. Það er kannski ekkert óeðlilegt að börn og unglingar á Íslandi svara iðulega með orðum eins og “bara” og “ég veit ekki” eða “jájá” þegar spurt er um skoðanir, upplifanir, lífssýn eða bara almælt tíðindi.

Og þess vegna fullkomlega eðlilegt að fullorðnir Íslendingar verði sérfræðingar í að tala um ekki neitt sem kemur þeim við í raun og veru, en sætti sig við að “fylgjast með” því sem efst er á baugi. Því sem allir eru að tala um.

Þú verður að fylgjast með.

Hverju?

Nú, því sem er að gerast!

Er það tilviljun að við eigum svona fá orð sem lýsa andlegri líðan eða upplifunum? Er það tilviljun að við eigum eiginlega ekki til orð yfir okkur þegar á reynir?

Grænlandingar eiga tugi ef ekki hundruð orða yfir snjó, eins og kunnugt er. Þeir vissu að þekking þeirra á snjónum var þeim lífsspursmál meðan þeir áttu allt sitt undir skilningi sínum á ísnum og duttlungum náttúrunnar. Þar dugði ekkert “já, bara hress,” eða “alltaf brjáláð að gera?” í samskiptum við umhverfið. Það gat verið lífshættulegt að hlusta ekki eftir því sem sagt var, að maður tali nú ekki um ef upplýsingarnar sem aðkomumanninum voru gefnar voru ekki byggðar á raunverulegri þekkingu.

Einhverra hluta vegna höfum við kosið að láta sem þekking okkar á þeim sem talar, okkur sjálfum semsagt, skipti minna máli en þekking okkar á því að tala, burtséð frá innihaldinu.

Við þessar aðstæður verða opin samskipti lítið annað en vitnisburður þeirra sambandsslita milli höfuðs og hjarta, eða eigum við að segja hugsunar og innsæis, sem verða í einstaklingnum

við það að vera skilgreindur út frá skorti allt sitt líf,

við það að vera aldrei nóg,

við það að þurfa ekki að taka ábyrgð, því allt sem skiptir máli gerist utan hans áhrifsviðs,

við það að venjast á að fresta sjálfum sér út í það óendanlega vegna þess að það þarf alltaf eitthvað að sanna fyrst, eignast, standast eða læra, áður en að honum kemur.

Kannski vissu Berlínarstrákarnir að þeirra tími væri kominn vegna þess að þeir skynjuðu að kerfið sem ól þá upp var að hrynja? Kannski erum við öll að bíða eftir því að að okkur komi og þegar það gerist, þá gefist okkur tími og tækifæri til að svara því hver við erum. Að þá getum tekið þátt í opnum skoðanaskiptum sem fullburða manneskjur, fremur en talvélar. Kannski er það þess vegna að fólk í Mannlífsviðtölunum lýsir því iðulega yfir að bílsysið eða hjartaáfalið hafi verið það besta sem fyrir það hafi komið? Að í gegnum slík áföll fáum við loksins að upplifa að að okkur sé komið, vegna þess að við erum tæplega á leiðinni eitthvert annað í svo afgerandi ástandi? Það kaldhæðnislega er, að þeir sem ekki lifa af slysið eða áfallið, halda líka að þeir séu loksins komnir til sjálfs sín, augnabliki áður en þeir skilja við. Að nú séu þeir nóg. En aðeins andartak, því þeir eru ekki fyrr farnir yfir móðuna miklu en til þeirra koma elskulegir englar sem segja þeim að nú séu þeir staddir í fyrsta bekk eilífðarinnar og með mikilli þjálfun muni þeir komast upp á næsta svið sem hafi ívið meira ljósmagn en þetta. Og svo næsta og næsta, út í það óendanlega.

Ég legg þess vegna til að við leggjum allt kapp á að kynnast sjálfum okkur nógu vel til að geta leyft okkur að vera til staðar, upplifa okkur sem vaxandi og síbreytilegar verur, vera nóg... hér og nú... fylgjast betur með því sem er að gerast innra með okkur, þar sem við erum, en þarna úti... þar sem við erum ekki. Þetta gerum við í þeim tilgangi að geta átt sem sönnust samskipti hér og nú, í jarðlífinu. Það er nefnilega alveg óvíst að það verði grundvöllur fyrir slíku hinum megin.